

Sameyki- stéttarfélag í almannabjónustu og Félagsbústaðir hf.

gera með sér svofellt

SAMKOMULAG

um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila

1. gr.

Gildistími

Samningsaðilar eru sammála um að gildandi kjarasamningur aðila ásamt bókunum og fylgiskjöllum framlengist til 31. mars 2024 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felst og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. gr.

Almenn launahækkun

Frá og með 1. október 2023 skulu laun og launataxtar skv. grein 1.1.1 í kjarasamningi aðila hækka um 28.700 kr., í grunnþrepi (1. þrep í launatöflu).

3. gr.

Jöfnun vegna gildistíma

Félagsfólk í Sameyki sem starfar hjá Félagsbústöðum hf. og fellur undir þennan samning, skal fá sérstaka launauppbót í formi eingreiðslu að upphæð 220.000.-, miðað við fullt starf á tímabilinu 1. janúar 2023 til 30. september 2023.

4.gr.

Kjaratengdir liðir

Kjaratengdir liðir kjarasamnings hækka um 8,00% frá 1. október 2023.

5. gr.

Launagreiðandi greiðir mánaðarlega framlag í námssjóð sem nemur 1,0% af heildarlaunum félagsmanna. Úr sjóðnum er úthlutað til félagsmanna skv. reglum, sem gilda fyrir sjóðinn og kemur til útborgunar 1. febrúar ár hvert.

6. gr.

Um vinnutíma

Grein 2.1.1.1, um vinnutíma, fellur niður. Þó halda þegar gerðir samningar um styttingu vinnutíma vegna aldurs gildi sínu.




7. gr.

Atkvæðagreiðsla


Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt fylgiskjöllum, bókunum og viðaukum, upp á lögformlegan hátt til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 13:00 þann 24.11.2023 skoðast samningurinn samþykktur. Atkvæðisbærir félagsmenn stéttarfélagsins um samning þennan eru einungis þeir sem starfa hjá Félagsbústöðum hf.

Reykjavík 24.11.2023

Fyrir hönd Sameykis stéttarfélags
í almannabjónustu, með fyrirvara um
samþykki félagsmanna.



Jenny Þ. Stefánsd.



Gunnþór Kristinsson



Fyrir hönd Félagsbústaða hf., með fyrirvara
um samþykki stjórnar.

Kristinn K. Jóhannsson